



**BS ritgerð
í viðskiptafræði**

IFRS 17

Nýtt og endurbætt sjónarhorn á váttryggingasamninga

Agnar Smári Kristjánsson

Leiðbeinandi: Jón Arnar Baldurs, aðjúnt

Júní 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

IFRS 17

Nýtt og endurbætt sjónarhorn á vátryggingasamninga

Agnar Smári Kristjánsson

Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Jón Arnar Baldurs, Aðjúnt

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2020

IFRS 17: Nýtt og endurbætt sjónarhorn á vátryggingasamninga

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS-prófs við
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2020 Agnar Smári Kristjánsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2020

Formáli

Ritgerðin er 6 eininga lokaverkefni til B.Sc. gráðu í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandinn minn var Jón Arnar Baldurs og ég þakka honum kærlega fyrir yfirlestur og gagnlegar leiðbeiningar í gegnum ferlið. Til viðbótar vil ég þakka fjölskyldunni minni fyrir dýrmætan stuðning í gegnum allt námið.

Útdráttur

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru reglur sem snúast um það hvernig félög eiga að birta fjárhagsupplýsingar. Upptaka á stöðlunum er orðin mjög víðtæk og eru þeir gefnir út af fjórtán manna nefnd sem ber nafnið alþjóðlega reikningsskilaráðið (IASB).

IFRS 17 er reikningsskilastaðall um váttryggingarsamninga sem birtur var í fyrsta skiptið í maí árið 2017 og tekur við af eldri staðli undir nafninu IFRS 4. IFRS 17 kynnir nýtt líkan sem notað verður við mat á váttryggingarsamningum. Líkanið felur í sér reglur við að meta bókfært verð á váttryggingarsamningum og hvernig skuli greina frá tekjur af þeim með sem réttasta hætti.

Upphafið á verkefninu var árið 1997 og endaði með birtingu á IFRS 17 árið 2017 sem markar tuttugu ár síðan að verkefni um gerð á einum alhliða reikningsskilastaðli fyrir váttryggingasamninga hófst. Til viðbótar hefur innleiðingin eftir birtingu tekið langan tíma þar sem IASB hefur þurft að veita frest tvisvar og er markmiðið í dag að staðallinn verði innleiddur í seinasta lagi þann 1. janúar árið 2023.

Með ritgerðinni verður útskýrt helstu atriðin við IFRS 17 og áhrifin sem staðallinn mun hafa á reikningsskil félaga við upptöku. Eftir það verður gert grein fyrir því hvað nýi staðallinn er mikil breyting á hugarfari miðað við IFRS 4 og þolinmæðin sem IASB hefur sýnt við innleiðinguna er mikilvæg fyrir félög sem eru að undirbúa sig fyrir upptöku á staðlinum.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	9
2	Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	10
2.1	Hverjir nota IFRS?	10
2.2	Gildissvið á Íslandi	10
2.3	Hverjir munu nota IFRS 17	11
2.4	Hvað telst vera váttryggingarsamningur ?.....	11
3	IFRS 17	12
3.1	Matslíkan IFRS 17	12
3.1.1	Skref 1	13
3.1.2	Skref 2	13
3.1.3	Skref 3	13
3.1.4	Skref 4	14
3.2	Söfn váttryggingasamninga.....	14
3.3	Íþyngjandi tryggingarsamningar	14
3.4	Breytingar á matslíkani IFRS 17.....	15
3.4.1	Einföldun á matslíkaninu	15
3.4.2	Nálgun með breytilegum greiðslum.....	15
3.5	Birting á fjárhagsupplýsingum	16
3.5.1	Efnahagsreikningur.....	16
3.5.2	Yfirlit yfir heildarafkomu.....	16
3.5.3	Skýringar	17
4	Væntar breytingar á fjárhagsyfirlitum.....	19
4.1	Áhrif á efnahagsreikning.....	19
4.2	Áhrif á afkomuyfirlit	20
4.3	Áhrif á kennitölur	20

5	Innleiðing á staðlinum í fyrsta skiptið.....	21
6	Baksaga og hvenær má búast við upptöku IFRS 17	22
6.1	Gerð á alþjóðlegum reikningsskilastaðli.....	22
6.2	Upphafið á IFRS fyrir tryggingarsamninga	23
6.3	IFRS 4 og þörfin fyrir nýjan staðal	23
6.4	IFRS 17 – Flókinn staðall sem krefst mikla undirbúningsvinnu.....	24
7	Lokaorð	26
	Heimildaskrá.....	27

Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlit yfir heildarafkomu.....	17
Mynd 2. Yfirlit af skuldbindingu í skýringum	18

1 Inngangur

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS) eru reglur fyrir félög við undirbúning og birtingu fjárhagsupplýsinga. Staðlarnir eru gefnir út af alþjóðlega reikningsskilaráðinu (IASB) og markmiðið með IFRS er að samræma fjárhagsupplýsingar ásamt því að auka gagnsæi til að tryggja skilvirkni á mörkuðum.

IFRS 17 er alþjóðlegur reikningsstaðall fyrir váttryggingasamninga sem veitir reglur um það hvernig eigi að undirbúa og birta reikningsskil fyrir váttryggingarsamninga og var staðallinn fyrst birtur í maí 2017 en félög hafa fram að 1. janúar 2023 til þess að klára innleiðinguna. Staðallinn tekur við af IFRS 4 sem hefur verið talinn bráðabirgðarstaðall fyrir reikningsskil á váttryggingarsamningum á meðan að unnið hefur verið í því að klára staðalinn sem varð IFRS 17.

IFRS 4 verður felldur úr gildi vegna þess að hann veitir of mikið frelsi við ákvörðun á reikningsskilaaðferðum. Staðallinn hefur gert það að verkum að fjárhagsupplýsingar milli landa og jafnvel milli fyrirtækja í sama landinu hafa ekki verið samanburðarhæfar og erfiðar að túlka þar sem félög hafa tekið upp mismunandi reikningsskilaaðferðir. Þetta stendur gegn markmiðum ráðsins og þar af leiðandi skýrt hve mikil þörf er fyrir IFRS 17.

Meginefni ritgerðarinnar má skipta í tvo hluta. Fyrri hlutinn gerir grein fyrir helstu atriði IFRS 17 með því markmiði að veita lesandanum nánari skilning á reikningsskilastaðlinum og hvernig honum verður beitt á mismunandi gerðir váttryggingarsamninga. Í framhaldi af því verður stutt umfjöllun um hver áhrifin verða á efnahagsstöðu váttryggingafélaga við innleiðingu staðalsins ásamt nýjum atriðum sem búast má við í reikningsskilum félaga sem þurfa að beita honum. Seinni hluti fjallar um hvað verkefnið sjálft og þróunin á einum alhliða reikningsskilastaðal fyrir allar gerðir váttryggingarsamninga hefur krafist mikillar vinnu og tíma. Þetta hefur jafnframt verið nauðsynlegt þar sem þörf er fyrir reikningsskilastaðal sem veitir áreiðanlegar og samanburðarhæfar fjárhagsupplýsingar í váttryggingariðnaðinum.

2 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS) eru líkt og nafnið gefur til kynna staðlar sem snúast um að birta reglur fyrir félög við gerð reikningsskila. Notkun staðlana er orðin mjög víðtækt og í dag eru um það bil 140 lönd sem skyldar notkun staðlana á einhvern hátt og ennþá fleiri sem heimila notkun á þeim. Staðlarnir eru gefin út af fjórtán manna nefnd sem kallast alþjóðlega reikningsskilaráðið (IASB). Ráðið er hins vegar skipuð af sjálfstæðri stofnun sem að starfar án hagnaðarmarkmiðs undir nafninu IFRS Foundation. Alþjóðlega reikningsskilaráðið (IASB) hefur opinberlega birt að markmiðin með reikningsskilastöðunum séu meðal annars að:

- Auka gagnsæi svo að allir aðilar eiga möguleika á að taka upplýstar ákvarðanir, með því að efla gæði og samanburðarhæfni í fjárhagsupplýsingum félaga.
- Auka skilvirkni á markaði með skýrum fjárhagsupplýsingum sem hjálpa fjárfestum að bera kennsl á tækifæri og áhættur (IFRS, e.d.).

2.1 Hverjir nota IFRS?

Í júní árið 2000 birti Evrópusambandið yfirlýsingu um sameiginlega stefnu við birtingu fjárhagsupplýsinga. Í yfirlýsingunni var tilkynnt að öll félög sem eru með skráð verðbréf á skipulögðum verðbréfamörkuðum innan Evrópusambandsins skulu taka upp IFRS í seinasta lagi í upphafi ársins 2005. Yfirlýsingin og nánari útfærsla á henni fékk síðan stoð innan Evrópusambandsins með reglugerð nr. 1606/2002 (Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002).

2.2 Gildissvið á Íslandi

Ákvörðun Evrópusambandsins náði einnig til þriggja landa innan evrópskra efnahagssvæðisins og er Ísland eitt af þeim löndum ásamt Liechtenstein og Noregi (Deloitte, e.d.b).

Ákvæði reglugerðar nr. 1606/2002 frá Evrópusambandinu var tekin upp hér á landi með samþykki íslensku reglugerðarinnar nr. 181/2006. Reglugerðin fékk síðan löglegt gildi með stoð í 1. mgr 127. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Skylda við beitingu staðlanna á þar af leiðandi líka einungis við um félög með skráð verðbréf á opinberum markaði en

önnur félög hafa heimild til að notast við þá (Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (II) nr. 181/2006).

2.3 Hverjir munu nota IFRS 17

Staðallinn mun eiga við um útgáfu af ákveðnum tegundum af samningum og vegna þessa getur IFRS 17 í rauninni átt við um hvaða félag sem er. Allir samningar sem talist geta verið váttryggingarsamningar, endurtryggingarsamningar og fjárfestingarsamningar með breytilegar greiðslur til váttryggingartaka (*e. Direct participation contract*) munu þurfa að fara eftir ákvæðum staðalsins (IASB, 2017a).

2.4 Hvað telst vera váttryggingarsamningur ?

Váttryggingarsamningur er samningur þar sem útgefandi samningsins samþykkir að taka á sig tryggingaráhættu fyrir váttryggingartakann, ef það kemur síðan fyrir að váttryggingartakinn verður fyrir tjóni vegna atburða sem hann var tryggður fyrir samkvæmt samningi á hann rétt á greiðslu frá útgefandanum. Það er grundvallaratriði að það er óvissa um tímasetningu á atburðinum til þess að hægt sé að skilgreina samning sem váttryggingarsamningur (KMPG, 2017).

Það eru nú þegar nokkur félög hér á landi sem gefa út samninga í samræmi við þessa skilgreiningu og munu þurfa að taka upp IFRS 17 þegar hann tekur gildi 1. janúar 2023.

3 IFRS 17

Vátryggingarsamningar geta verið breytilegir í eðli og með hátt flækjustig. Oft eru þeir að hluta til fjármálagerningar á sama tíma og þeir eru vátryggingarsamningar. Það getur þar af leiðandi verið erfitt að ná fullum skilning á eðli allra tekna og meta hvort að samningur teljist vera vátryggingarsamningur. Vegna fjölbreytileika verður oft annars vegar erfitt fyrir lesendur fjárhagsupplýsinga að gera sér grein fyrir rétta fjárhagsstöðu félags og hins vegar bera hana saman á milli félaga. IASB þyrfti því að útbúa nálgun sem í stuttu máli þarf að byggjast á því að allir muni veita fullnægjandi upplýsingar um samningana og að þeir séu samanburðarhæfir á milli aðila.

Í stuttu máli skilgreinir staðallinn heildarskuldbindingu af vátryggingarsamningum í tvo meginhluta. Fyrsti hlutinn er núvirt sjóðstreymi sem áætlað er að renni til félagsins yfir líftíma útgefina samninga. Sjóðstreymið hefur verið síðan verið leiðrétt fyrir ófjárhagslegri áhættu sem myndast fyrst og fremst vegna óvissu vátryggingarfélags um það hvenær þurfi að standa að greiðslum. Seinni hlutinn er óinnleystur hagnaður af samningi (*e. contractual service margin*) sem félög eru skyld til að innleysa með kerfisbundnum hætti yfir líftíma samningsins (KPMG, 2017).

Félag byrjar að gera grein fyrir vátryggingarsamningi í reikningsskilunum sínum þegar fyrsta iðgjaldsgreiðsla er móttækin eða við upphaf á tryggingartímabili samnings, hvort sem kemur á undan. Ef hins vegar samningur reynist íþyngjandi þarf að gera grein fyrir honum í reikningsskilum félagsins strax og komist er að því þrátt fyrir að tryggingartímabilið sé ekki hafið né neinskonar iðgjaldagreiðsla borist (KPMG, 2017).

3.1 Matslíkan IFRS 17

Útkoman af IFRS 17 er matslíkan sem mun þjóna sem leiðarvísir við hvernig skuli meta vátryggingarsamninga í reikningsskilum og skrá tekjur með réttum hætti alveg frá upphafsskráningu og í gegnum líftíma samningsins.

Hér að neðan verður hluti ritgerðarinnar tileinkaður umfjöllun um skrefin sem útgefendur vátryggingasamninga þurfa með réttum hætti að ganga í gegnum þegar kemur að því að meta samningana á fullnægjandi hátt samkvæmt kröfum IFRS 17.

3.1.1 Skref 1

Fyrsta skrefið í að meta váttryggingarsamninga er að finna út væntanlegt sjóðstreymi þeirra yfir líftímann. Allar tekjur og öll gjöld sem hægt er að tengja beint við viðkomandi samninga er heimilt að nota við gerð sjóðstreymisins. Algengir tekjuliðir eru meðal annars iðgjöld og aðrar tekjur út frá greiddum iðgjöldum, á meðan að algengir gjaldaliðir eru meðal annars kröfur frá váttryggingartökum, skattar og allur annar kostnaður sem hægt er að tengja beint við viðeigandi váttryggingarsamning (KPMG, 2017).

Það er gert endurmat á sjóðstreymi váttryggingarsamnings við hvern uppgjörsdag yfir allan líftímann. Framtíðarsjóðstreymi samnings er aðlagð í samræmi við endurmatið ef breytingin hefur áhrif á arðsemi váttryggingarsamnings í framtíðinni (KPMG, 2017).

3.1.2 Skref 2

Seinna skrefið er að núvirða greiðsluflæðið til að endurspegla tímavirði peninga eða ávöxtunarkröfu ef samningur inniheldur fjárfestingarliði.

Afvöxtunarstuðull er ákvarðaður úr frá eðli samningsins en það getur verið talsverður munur á núvirðingaraðferðum milli samninga. Sjóðstreymi getur verið háð arðsemi annarra eigna á markaði eða óháð þeim, það getur verið á nafnvirði eða á raunvirði og fleiri atriði væri hægt að telja upp sem þyrfti að hafa í huga við núvirðingu. Ástæðan fyrir núvirðingunni er að tryggja að sjóðstreymi í framtíðinni frá váttryggingarsamningum muni ávallt endurspegla rétt virði út frá núverandi forsendum (KPMG, 2017).

Endurmat á samningum getur haft áhrif á fjárhaglega afkomu félags vegna breytingar á forsendunum sem hafa verið nefndar hér að ofan. Áhrifin sem breytingarnar hafa skulu vera færðar í yfirlit yfir heildarafkomu (KPMG, 2017).

3.1.3 Skref 3

Hérna er einungis verið að fjalla um leiðréttingu á sjóðstreyminu vegna ófjárhagslegrar áhættu sem fylgir flest öllum váttryggingarsamningum vegna óvissunnar um það hvenær muni þurfa að greiða fyrir atburði sem eru tryggðir. Staðallinn setur ekki nánari reglur um framkvæmd á matinu, heldur er það undir útgefanda samningsins að meta hversu mikil leiðréttingin verður. Af þeirri ástæðu mun áhættumatið líklega fara eftir útgefandanum og eðli váttryggingarsamningana sem gefnar eru út, þar sem þeir eiga til að geta borið mismiklar áhættur (KPMG, 2017).

3.1.4 Skref 4

Lokaskrefið sem þarf að taka til þess að meta váttryggingarsamning og þar af leiðandi sem þarf til að gera heildarmynd af skuldbindingu sem myndast hefur vegna váttryggingarsamnings.

Samkvæmt IFRS 17 á að áætla hver óinnleysti framtíðarhagnaðurinn yfir líftíma samningsins verður og við fyrstu skráningu er hann ávallt jafnmikill og sjóðstreymið af samningnum sem búið er að núvirða og leiðrétta fyrir ófjárhagslegri áhættu. Markmiðið er að endurspeglar allan framtíðarhagnaðinn sem mun hljóta af viðkomandi váttryggingarsamningi yfir líftíma hans. Heimilt er síðan að innleysa með kerfisbundnum hætti hagnaðinum sem tekjur í afkomuyfirliti útgefanda við hvern uppgjörstag. Markmiðið hjá IASB með þessu er að útgefendur samningana skrái tekjur hjá sér þegar að skyldur þeirra sem váttryggjendur, í þessu tilviki skuldbinding þeirra, hafa verið uppfylltar (KPMG, 2017).

Innlausn tekna eins og fjallað er um hér að ofan skapar aðferð til þess að veita leiðsögn við tekjuskráningu sem mun veita skýrari upplýsingar fyrir lesanda fjárhagsupplýsingarinnar og er staðallinn í samræmi við IFRS 15 að þessu leiti (IASB, 2017a).

3.2 Söfn váttryggingasamninga

Félög eru skyld til þess að greina útgefna váttryggingasamninga í söfn strax við upphaf skráningar. Staðallinn setur lármarkskröfur um að félög skuli aðgreina samninga í söfn sem búið er við að endi í rekstrartapi við upphafsskráningu, samningar sem reynast arðbærir með litlar líkur á að breytast í samninga með rekstrartap og samninga sem af einhverjum ástæðum falla ekki inn í fyrri tvö söfnin. Óheimilt er að samningar sem útgefni hafa verið með lengra en eins árs millibili séu settir í sama safnið (IASB, 2017a).

3.3 Íþyngjandi tryggingarsamningar

Váttryggingarsamningar eru taldar vera íþyngjandi ef að niðurstaða sjóðstreymisins leiðir til taps. Upphæðin sem tapast er ekki leyst upp með kerfisbundnum hætti heldur þarf að gera tafarlaust grein fyrir henni í rekstrarreikningi félagsins. Íþyngjandi samningar eru með heildarskuldbindingu sem er þar af leiðandi einungis núvirt sjóðstreymi samningsins líkt og það er fundið með hefðbundna matslíkani staðalsins. Aðstæður eru hins vegar

ávallt háðar breytingum og er það því einnig mögulegt að váttryggingarsamningar breytast í íþyngjandi samninga seinna á lífsleiðinni, þrátt fyrir að hafa verið arðbærir í upphafi (IASB, 2017a).

3.4 Breytingar á matslíkani IFRS 17

IFRS leyfir breytingar á hefðbundna matslíkaninu undir ákveðnum aðstæðum. Tvö breytt líkön hafa verið leyfð til notkunar, þau eru einföldun á upprunalega líkaninu (*e. premium allocation approach*) og nálgun með breytilegum gjöldum (*e. Variable fee approach*) (IASB, 2017a).

3.4.1 Einföldun á matslíkaninu

Útgefendur fá heimild til að nota þessa breytingu ef ljóst er að enginn áberandi munur verði á samanburði ef notast hefði verið við hefðbundna líkanið. Þetta er einfaldari leið til að reikna út skuldbindinguna sem myndast vegna váttryggingarsamnings. Í stað þess að þurfa að ganga í gegnum skrefin fjögur er skuldbinding fundin með því að áætla upphæðina af iðgjöldum sem teknar verða á móti í framtíðinni án núvirðingar, yfir samningstímamann og leiðréttur fyrir kostnað sem er með bein tengsl við stofnun á viðkomandi samning (KPMG, 2017).

Skilyrðin fyrir því að nýta megi sér aðferðina sem fjallað hefur verið um hér að ofan eru að líftími váttryggingarsamningsins sé ekki meiri en eitt ár að lengd og að útkoman verði sú saman og ef notast væri við matsaðferðirnar í hefðbundna líkaninu (KPMG, 2017).

3.4.2 Nálgun með breytilegum greiðslum

Það er vel þekkt hjá félögum sem gefa út váttryggingarsamninga að sumir samningar eru með ákvæði sem fela í sér reglulegar greiðslur til váttryggingartaka. Það er algengt að greiðslurnar sem váttryggingarfélag þarf að standa skil af grundvallist af öðrum undirliggjandi eignum. Undirliggjandi eign getur meðal annars verið fjármálagerningur sem gefinn hefur verið út eða sem fjárfest hefur verið í. IFRS 17 gerir greinarmun á samningi með greiðslum líkt og þessum sem lýst hefur verið hér að ofan og á öðrum váttryggingarsamningum.

Greiðslur á grundvelli undirliggjandi eignar til váttryggingartaka á vegum samningsins er nýttur þegar framkvæmt er mat á skuldbindingu váttryggingarsamningsins og þær skulu vera meðhöndlaðar á sama hátt og hefðbundnu liðirnir í greiðsluflæðinu. Markmið IASB

með nálguninni hér að ofan er að notendur fjárhagsyfirlitsins geti gert skýrari og réttari grein fyrir eðli allra tekna eða gjalda og búið verði til réttari mynd af viðkomandi samningi (KPMG, 2017).

Vátryggingarsamningur er vanalega talinn vera fjárfestingarsamningur með breytilegum greiðslum þegar að:

- Ákvæði í samningi tilgreina mjög skýrt að vátryggingartaki er þáttakandi í eignarhaldi á eign eða eignarsafni.
- Félag gerir ráð fyrir að greiða vátryggingartaka upphæð af arðsemi undirliggjandi eignar sem endurspeglar eignarhald hans í eigninni.
- Félag gerir ráð fyrir að stór hluti af greiðslum til vátryggingartaka fari eftir gangvirði undirliggjandi eignar.

Við upphafsskráningu samnings er enginn munur á matsaðferðum í reikningsskilunum.

Helsti munurinn birtist í hagnaði samnings við áframhaldandi mat í framtíðinni til þess að gera betur grein fyrir fjölbreyttari greiðslum en væru vanalega hjá öðrum tegundum af vátryggingarsamningum (KPMG, 2017).

3.5 Birting á fjárhagsupplýsingum

FRS 17 veitir ítarlegar leiðbeiningar þegar kemur að upplýsingagjöf. Hér að neðan verður stutt umfjöllun um það sem staðallinn hefur að segja um nokkra helstu liðina sem finnast í ársreikningum.

3.5.1 Efnahagsreikningur

Vátryggingarsamningar verða annaðhvort eignaliður eða skuldaliður, algengast er þó þeir séu flokkaðir sem skuldaliður. Bókfærða verðið er einfaldlega sótt úr matslíkani staðalsins sem fjallað hefur verið um hér að ofan. Þessir liðir breytast vanalega við uppgjör þegar félag skráir tekjur og gjöld eða gerir áframhaldandi matsbreytingar á samningum. Við áframhaldandi mat á vátryggingarsamningum mun heildarskuldbinding vegna samninga skiptast upp í skuldbindingu til að veita tryggingarþjónustu í framtíðinni og skuldbindingu til að standa undir kröfum vegna atburða sem nú þegar hafa átt sér stað (KPMG, 2017).

3.5.2 Yfirlit yfir heildarafkomu

Í yfirliti yfir heildarafkomu félags skyldar staðallinn öll félög til þess að aðgreina rekstrarniðurstöður í tvo flokka. Annars vegar afkoma vegna veitta vátryggingarþjónustu

og hins vegar vegna fjárfestingartekjur og fjárfestingargjöld. Markmiðið með þessu er að sýndar verði á skýran hátt tekjurnar vegna þjónustunnar sem félagið veitir tengt váttryggingarstarfseminnar. Fjárfestingarliðir eru aðgreindar frá liðum tengdir beint við váttryggingarreksturinn, það er verður ekki litið á þá sem tekjur eða gjöld vegna veittrar þjónustu. Með þessu er verið að veita skýrari sýn á eðli tekna og gjalda í fjárhagsyfirliti félags sem gefur út tryggingarsamninga (KPMG, 2017).

Líkt og nefnt hefur verið hér að ofan felur skref tvö af hefðbundna matslíkani IFRS 17 í sér núvirðing á sjóðstreymi yfir líftíma tryggingarsamnings vegna fjárhaglegar áhættu eða einfaldlega til að leiðrétta fyrir tímavirði peninga. Öll áhrif vegna breytinga á þessum forsendum við uppgjörsdag eru færðar sem fjárfestingartekjur eða gjöld í rekstrarreikning félagsins. Staðallinn getur hins vegar veitt svigrúm og heimilar einnig að færa áhrifin vegna breytingar af þessu tagi í staðinn undir aðra heildarafkomu (KPMG, 2017).

Yfirlit yfir heildarafkomu	2019	2018
Váttryggingartekjur	222	261
Váttryggingargjöld	(100)	(50)
Váttryggingarafkoma	122	211
Fjárfestingartekjur	50	40
Fjárfestingargjöld frá váttrygginum	(39)	(27)
Fjárfestingarafkoma	11	13
Hagnaður fyrir skatta	133	224

Mynd 1. Yfirlit yfir heildarafkomu

3.5.3 Skýringar

Meginreglan er að skýringar eiga að veita nánari upplýsingar um atriði sem geta haft áhrif á ákvarðanatöku lesenda reikningsskilanna. IASB getur aldrei greint nákvæmlega frá því hvaða skýringar félög þurfa birta á hverjum tíma. IASB hefur hins vegar sett grundvallarreglur um hvað er skylt að birta í skýringum til þess að tryggja betri innsýn og sýna áhrifin sem útgefnir váttryggingarsamningar munu hafa á fjárhagsstöðu félaga. Skýringarnar sem IFRS 17 krefst nánari útfærslu á eru í eðli sínu þríþættar. Hér að neðan er stutt umfjöllun um þessar skýringar.

Félög munu þurfa að veita yfirlit í töfluformi yfir hverjar breytingarnar á bókfærða virði tryggingarsamninganna voru í gegnum reikningsskilatímabil og hvernig sömu

breytingarnar hafa verið færðar í afkomuyfirliti félagsins. Markmiðið með þessum kröfum er að sýnt verði hvernig staða váttryggingarsamninga í efnahagsreikningi tengist beint við yfirlit yfir heildarafkomu fyrir hvert tímabil. Mynd 2 sýnir dæmi um hvernig reiknað er með að yfirlitið muni líta út (KPMG, 2017).

Birta þarf nánari rökstuðning vegna val á reikningsskilaaðferðum félagsins. Með þessum kröfum er ætlast til að gera verði betur grein fyrir ákvarðanatöku sem liggur til grundvallar við notkun á matslíkani staðalsins. Sem dæmi má nefna hvaða þættir hafa áhrif á mat þeirra eða hvað þættir hafa ekki áhrif, hvernig komist hefur verið að niðurstöðu um leiðréttingu vegna ófjárhagslega áhættu og hvernig núvirðingarstuðlar fyrir framtíðarsjóðstreymi samninga hafa verið ákvarðaðir (KPMG, 2017).

Það þarf að skýra áhættuna sem útgefnir váttryggingarsamningar hafa á afkomumöguleika félags og hvernig þeim er stjórnað. Það sem þarf meðal annars að gera grein fyrir er hvernig áhætturnar hafa verið metnar, hver uppruni þeirra er og hvort að breytingar hafa orðið á þeim. Með því að veita nánari upplýsingar um þessi atriði er verið að veita lesendum betri innsýn inn í áhætturnar sem tengjast félaginu vegna útgefna váttryggingarsamninga (KPMG, 2017).

	Núvirt framtíðarsjóðstreymi	Ófjárhagsleg áhætta	Óinnleystur hagnaður	Skuldbinding vegna váttryggingarsamninga
Upphafsstaða	372	80	165	617
Fjárfestingargjöld frá váttryggingum	19	-	8	27
Breytingar tengdar þjónustu í framtíðinni	(58)	(10)	68	-
Breytingar tengdar núverandi þjónustu	(50)	(40)	(121)	(211)
Útstreymi á sjóði	(150)	-	-	(150)
Lokastaða	133	30	120	283

Mynd 2. Yfirlit af skuldbindingu í skýringum

4 Væntar breytingar á fjárhagsyfirlitum

Breytingar vegna upptöku á nýjum reikningsskilastaðal hafa mismikil áhrif á félög einfaldlega vegna stöðu þeirra og umhverfið sem þau eru í.

Reikningsskil milli landa og jafnvel milli félaga geta oft verið mjög mismunandi og þar af leiðandi mikilvægt að átta sig á því að breytingarnar við innleiðingu IFRS 17 munu vera misjafnar eftir aðilum. Það er ekki hægt að segja til um hversu mikið breytist en það er hægt að segja til um hvers eðlis þær verða (IFRS, 2017a).

4.1 Áhrif á efnahagsreikning

Breytingar á stöðu efnahagsreiknings hjá félagi vegna innleiðingar IFRS 17 mun að mestu leiti fara eftir þremur atriðum, sem fjallað verður nánar um hér að neðan.

Núverandi eða sögulegar forsendur. IFRS 17 skyldar félög til þess að notast ávallt við núverandi markaðsupplýsingar við mat á váttryggingarsamningunum sínum. Ef félag hefur ekki notast við núverandi markaðsupplýsingar áður fyrr er skuldbinding félagsins önnur en hún væri undir IFRS 17. Sem dæmi er hægt að skoða félag sem að hefur notast við sögulega vexti á sjóðstreymi samnings. Áhrifin af innleiðingu IFRS 17 mun leiða til endurmats á stöðu váttryggingarsamnings í efnahagsreikningi félagsins, of háir sögulegir vextir hækka skuldbindingar félagsins og lækka eigið fé í staðinn á meðan að of lágir sögulegir vextir munu hafa öfug áhrif (IFRS, 2017a).

Reikningsskilaaðferðir fyrir fjármálagerninga. IFRS 17 gerir kröfu um að það verði gert grein fyrir fjármálagerningum sem eru tengdir váttryggingarsamningum og hafa áhrif á greiðsluflæðið sem notað er við mat á stöðu samninga í efnahagsreikningi. Núverandi staðallinn, IFRS 4, gerir það ekki. Undir eðlilegum kringumstæðum þá mega félög sem hafa ekki gert grein fyrir áhrifum vegna fjármálagerninga áður búast við að skuldbindingar vegna tryggingarsamninga hækki og eigið fé lækki í samræmi. Félög sem hafa hins vegar ávallt endurspeglad virði á viðeigandi fjármálagerningum sem tengjast útgefnum tryggingarsamningum mega búast við lítilsháttar breytingum (IFRS, 2017a).

Kostnaður við gerð samninga (*e. acquisition cost*). Allur kostnaður sem tengist gerð á váttryggingarsamningum hefur mátt í gegnum tíðina gjaldfæra, eignfæra og jafnvel afskrifa yfir ákveðin tíma. IFRS 17 gerir nýja kröfu um að láta allan kostnað af þessari gerð vera innifalin við mat á váttryggingarsamningum. Félög sem hafa verið að gjaldfæra eða

afskrifa þennan kostnað geta reiknað með því að lækka skuldbindingar vegna útgefinna váttryggingarsamninga og auka eigið fé í staðinn (IFRS, 2017a).

4.2 Áhrif á afkomuyfirlit

Fjallað hefur verið um uppsetninguna á afkomuyfirliti fyrr í ritgerðinni. IFRS 17 gerir mjög skýrar kröfur um uppsetninguna á afkomuyfirliti sem verða nýjar fyrir sum félög þar sem takmarkaðar leiðbeiningar eru um það í eldri reikningssskilastaðlinum, IFRS 4. Það er hins vegar mikilvægt að gera grein fyrir því að IFRS 17 mun ekki breyta heildarhagnaði eða tapi váttryggingarsamninga, heldur breytir hann einungis upphæðinni sem er birt á hverju tímabili til þess að veita skýrari mynd á arðsemi félags yfir líftíma samningsins (IFRS, 2017a).

4.3 Áhrif á kennitölur

Kennitölur hafa verið nýttar til mælingar á fjárhagslegri frammistöðu félaga. IASB telur að breytingarnar í kjölfar IFRS 17 muni leiða til minnkunar á notkun kennitala sem notaðar hafa verið í gegnum tíðina og að það muni jafnvel myndast nýjar kennitölur sem teljast munu verða gagnlegar við frammistöðumælingar og samanburð milli ársreikninga félaga.

Nýjar kennitölur þúar eru til í kjölfar upptöku á IFRS 17 eru meðal annars:

- Virðisaukning nýrra viðskipta. Felur í sér upphæðina af óinnleystum hagnaði af tryggingarsamningi við upphafsskráningu.
- Hagnaður af þjónustustarfsemi. Hægt að sækja hana beint úr rekstrarreikningi. Þetta er ný kennitala sem myndast vegna nýju kröfurnar um uppsetningu á afkomuyfirliti félaga.
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi. Nettóstaðan af fjármagnstekjum og gjöldum afkomuyfirlitsins. Kennitalan myndast af sömu ástæðu og afkoma af þjónustustarfsemi, sem sagt nýjar kröfur á uppsetningunni í afkomuyfirliti félags (IFRS, 2017a).

Ásamt nýjum kennitölum mun IFRS 17 hafa talsverð áhrif á þær sem notast eru við í dag, sem dæmi má nefna ein af mikilvægustu kennitölum váttryggingarfélaga, samsett hlutfall. Þetta er hlutfallið af áföllnum tryggingarkröfum viðskiptavina og iðgjöldum tímabilsins. Ný aðferð við mat á áföllnum kröfum vegna IFRS 17 mun gera það að völdum að mörg váttryggingarfélög geta búist við breytingu á kennitölunni (IFRS, 2017a).

5 Innleiðing á staðlinum í fyrsta skiptið

IASB leggur til að notuð verði afturvirk nálgun (e. retrospective approach) við upptöku á IFRS 17. Með því er átt við að þegar breytt verður um reikningskilaaðferð verður það gert á þann hátt allir eldri tryggingarsamningar eru líka metnir upp á nýtt með þeim hætti að það líti út fyrir að nýji staðallinn hafi ávallt verið í notkun (IASB, 2017a).

Full afturvirk nálgun mun krefjast mikils tíma, vinnu og góðu aðgengi að áreiðanlegum sögulegum gögnum, sérstaklega ef líftíminn á tryggingarsamningnum er langur. Þar sem margt í IFRS 17 reynir á upplýsingar sem fást við upphafsskráningu tryggingarsamnings er hætt á að lenda í erfiðleikum við ýmis atriði. Sem dæmi má nefna, að greina tryggingarsamninga í rétt söfn út frá gefnum upplýsingum við upphafsskráningu þeirra eða áætla rétta óinnleysta hagnaðinn og finna út breytingarnar á honum við hvert uppgjör frá fyrstu skráningu fram til dagsins í dag (KPMG, 2017).

Til þess að létta á félögum við upptöku staðalsins hefur IASB heimilað tvær aðferðir til viðbótar sem félög mega nýta sér í stað þess að nota fullu afturvirku nálgunina ef að hún reynist óraunhæf. Aðferðirnar verða kallaðir afturvirk upptaka með aðlögun (e. modified retrospective approach) og upptaka með notkun á gangvirði (e. fair value approach) (IASB, 2017a).

Afturvirk upptaka með aðlögun leyfir félögum að nýta sér einungis aðgengilegar upplýsingar án of mikils kostnaðar og vinnu til þess að komast að sömu niðurstöðu við mat á tryggingarsamningnum eins og ef að notast væri við hefðbundnu nálgunina. Það er skilyrði að niðurstaðan verði lík milli þessa tveggja aðferða, annars skal notast við gangvirðisnálgunina (IASB, 2017a).

Undir gangvirðisnálguninni er mat á vátryggingarsamningi á hverjum tíma endurspeglun á virði sem upplýstir og óháðir markaðsaðilar myndu komast að samkomulagi um á hverjum tíma. Megináhersla nálgunarinnar er dregin frá IFRS 13 um gangvirði (IASB, 2017a).

6 Baksaga og hvenær má búast við upptöku IFRS 17

Ferli verkefnisins hefur verið langur í samanburði við aðra reikningsskilastaðla, það er að segja 20 ár í vinnslu. IASB hefur þurft að leggja mikla vinnu á sig þar sem mikið hefur þurft að koma til skoðunar og margar athugasemdir sem þurft hefur að yfirfara á þessum árum. Hins vegar eins og sést hefur í þessari ritgerð geta tryggingarsamningar verið fjölbreyttir og flóknir og þar af leiðandi ekki auðvelt verkefni að gera einn alhliða reikningsskilastaðal fyrir þá alla.

6.1 Gerð á alþjóðlegum reikningsskilastaðli

Alþjóðlega reikningsskilaráðið fylgir vel skilgreindu og ströngu verkferli við breytingu eða innleiðingu á nýjum reikningsskilastaðli. Vinnuferli ráðsins einkennist af fjórum ferlisskrefum. Greint er í stuttu máli frá þeim hér að neðan.

Yfirleitt er rannsóknaráætlunin fyrsta skrefið við upphaf á nýju verkefni hjá ráðinu. Ef að möguleg vandamál vakna að mati reikningsskilaráðsins á reikningsskilum eru þau tekin til rannsóknar þar sem vandamálín eru könnuð nánar og reynt að bera kennsl á mögulegar lausnir sem og ákveðið hvort að ráðið þurfi að grípa til aðgerða. Ef það er rauninn er það yfirleitt gert með því að breyta eða gera nýjan reikningsskilastaðal. Yfirleitt er það ekki einungis reikningsskilaráðið sem kemur að rannsóknarferlinu heldur margskonar utanaðkomandi sérfræðingar á ýmsum sviðum. Ráðið birtir einnig opinberlega öll umræðuskjöl í þeim tilgangi að leyfa almenningi og öðrum hagsmunaaðilum að koma sínum skoðunum á framfæri (Deloitte, e.d.a).

Ef ráðið telur eftir rannsókn að grípa þurfi til aðgerða er nýtt verkefni stofnað. Þá er næsta skrefið hjá ráðinu að gera birtingarskjal sem inniheldur aðgerðir til að leysa viðkomandi málefni í samráði við sérfræðinga. Birtingarskjalið er aðgengilegt öllum og aðilar eru hvattir til að veita endurgjöf og uppástungur á breytingum (Deloitte, e.d.a).

Eftir útgáfu á birtingarskjali ráðsins er gefinn tími til þess að leyfa öðrum aðilum að bregðast við og veita ráðleggingar. Ef þess er þörf, er jafnvel gert nýtt birtingarskjal þar sem aftur er gefið aðilum tækifæri til að kynna sér það. Verkefnið endar síðan ávallt á staðfestingu með kosningu innan ráðsins áður en breytingarnar eða reikningsskilastaðlarnir verða innleiddar (Deloitte, e.d.a).

Ráðið fer síðan ávallt yfir stöðu mála eftir útgáfu á nýjum staðli eða við breytingu á eldri sem er yfirleitt um það bil tvö ár eftir upptöku. (Deloitte, e.d.a).

Eins og sést frá umfjölluninni hér að ofan er mikið gagnsæi í öllum verkefnum sem eru í vinnslu og stöðu mála á hverjum tímapunkti. Allir fundir ráðsins eru opnir almenningi og meira að segja teknir upp svo að hver sem er geti fundið þá á heimasíðunni þeirra hvenær sem er (Deloitte, e.d.a).

6.2 Upphafið á IFRS fyrir tryggingarsamninga

Verkefnið við það að gera reikningsskilastaðal fyrir váttryggingarsamninga hófst á árinu 1997 af forverum alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IASB). Á árinu 2001 þegar að ráðið var stofnað sá ráðið ekki fram á það að hægt væri að klára verkefnið fyrir árið 2005 þegar reglugerð Evrópusambandsins 1606/2002 tæki gildi og var verkefninu því skipt í 2 áfanga (e. phases) (IASB, 2017b).

Fyrri áfanginn (e. first phase) var að útgáfa á IFRS 4 um váttryggingarsamninga árið 2004. Farið verður stutt í staðalinn hér að neðan en í stuttu máli skyldaði hann félög til að birta upplýsingar um tryggingarsamningana sína en hafði í raun takmörkuð áhrif á reikningsskilaaðferðir sem voru notaðar fyrir upptöku á staðlinum (IASB, 2017b).

Seinni áfanginn (e. second phase) er IFRS 17 um váttryggingarsamninga. Hann mun verða alhliða staðal fyrir allar gerðir váttryggingarsamninga og mun hafa í för með sér miklar breytingar fyrir marga útgefendur samninganna í þeim tilgangi að bæta almennt upplýsingargildi og samræmi á fjárhagsupplýsingum (IASB, 2017b).

6.3 IFRS 4 og þörfin fyrir nýjan staðal

IFRS 4 á við um alla váttryggingarsamninga. Staðallinn heimilar félögum að sniðganga ákveðnum kröfum annarra staðla þangað til að IFRS 17 verður innleiddur. Meðal þeirra er krafa frá IAS 8 um reikningsskilaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur, þegar kemur að því að velja sér ákveðna reikningsskilaðferð. Það er að segja, undir hefðbundnum kringumstæðum þegar að reikningsskilastaðall á við um ákveðin viðskipti verður reikningsskilaðferðin að vera á grundvelli reikningsskilastaðalsins. (Deloitte, e.d.c).

Staðallinn krefst þess að félög haldi utan um váttryggingarsamningana sína í efnahagsreikningi sem skuldbindingu eða sem eign (Deloitte, e.d.c).

IFRS 4 sem tók gildi árið 2004 hefur ávallt verið talinn bráðabirgðarstaðall sem veitir of mikið frelsi við val á reikningsskilaaðferðum. Staðallinn leyfir öllum fyrirtækjum að nota áfram að miklu leiti reikningsskilaaðferðir á útgefna samninga sína líkt og þeir höfðu verið á hverju svæði fyrir sig fyrir upptöku á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum á árinu 2005. Þar sem IFRS 4 fjallar ekki um eina alhliða meðferð á tryggingarsamningum myndast vandamál við gæðin á fjárhagsupplýsingum félaga. Félög þurfa einungis að meta vænt virði á tryggingarsamningum við upphafsskráningu og það er ekki gerðar neinar kröfur um reglulegt endurmat. Það eru litlar sem engar reglur um aðskilnað og greiningu á annars vegar veittri þjónustu frá váttryggingarsamningi og fjárfestingarliðar hins vegar (IFRS, 2017b).

Þessi atriði valda vandamálum fyrir notendur fjárhagsupplýsinga og eru ekki í samræmi við markmið reikningsskilaráðsins um gagnsæi, áreiðanleika og skilvirkni. IFRS 17 mun skylda alla útgefendur tryggingarsamninga til þess að uppfylla þessi markmið með einum og sama hættinum. Samkvæmt honum þarf að birta á hverjum uppgjörstigi endurskoðað mat sem mun ávallt endurspeglar nýjustu upplýsingar um arðsemi og áhættu í sjóðstreymi á útgefnum váttryggingarsamningum. Ásamt því mun þurfa að gera betri grein fyrir uppruna á eiginleika tekna og gjalda, þar sem fjárfestingarhreyfingar geta oft verið stór hluti af tryggingarsamningi (IFRS, 2017b).

6.4 IFRS 17 – Flókinn staðall sem krefst mikla undirbúningsvinnu

IFRS 17 er útkoman af þó nokkrum birtingarskjölum sem hófst með umræðuskjali frá ráðinu á árinu 2007. Eftir tíu ár, meira en 600 athugasemdir frá aðilum og yfir 900 fundum með mismunandi aðilum, var staðallinn birtur í fyrsta sinn á árinu 2017 og markar það 20 ár síðan að verkefni um gerð á reikningsskilastaðli fyrir váttryggingarsamninga hófst. Fyrirtæki fengu heimild til að nota staðallinn strax en ekki átti að skylda neinn til þess fyrir en í seinasta lagi á árinu 2021 þegar áætlunin var að fella IFRS 4 úr gildi (IASB, 2017b).

Svo virðist sem að það muni taka lengri tíma en búist var við að leggja lokahöndina á verkefnið. Eftir að hafa fylgst með innleiðingu aðila á staðlinum komu tiltölulega snemma upp vandamál og á opinberum fundi í október á árinu 2018 var rætt um 25 mögulegar breytingar á staðlinum til viðbótar. Í kjölfar fundarins var dreift birtingarskjal til að afla umsagna almennings í júní árið 2019 með staðfestingu á breytingum ásamt tilkynningu um frestun á upptöku staðalsins um eitt ár til 1. janúar 2022 (IASB, 2017b).

Í mars á árinu 2020 tilkynnti alþjóðlega reikningsskilaráðið að það hefði lokið viðbótarumræðum vegna breytinganna sem tilkynntar voru í júní á árinu 2019 og að það ætlað að innleiða þær á öðrum ársfjórðungi núna árið 2020. Til viðbótar verður innleiðingarfresturinn lengdur um eitt ár í viðbót og er í dag 1. janúar 2023 (IFRS, 2020).

Frestanir á innleiðingu IFRS 17 mun svo sannarlega reynast truflandi fyrir sum félög þar sem innleiðingarferlið gæti nú þegar verið hafið og aðilar þurfa að fresta áætlanir sínar eða breyta þeim (Pieterse & Dixon, 2019).

Þetta er hins vegar fyrir marga mjög stórt verkefni og jafnvel eitt stærsta verkefni sem félög hafa einhvern tímann þurft að taka á sig við gerð á fjárhagsupplýsingum og er undirbúningurinn sem þarfnast mikill. Í innleiðingarferlinu verður mikilvægt að tryggja að það sé til staðar sérhæfður og fjölbreyttur mannauður í tækniþekkingu, fjármálum og reikningskilum. Margir munu einnig þurfa að leggja í miklar fjárfestingar í upplýsingartækni þar sem gerðar eru miklar kröfur um gagnasöfnun. Mörg önnur atriði væri hægt að nefna og eru allir yfirleitt á sama máli um að viðbótartíminn sem þeim er gefinn veitir meira svigrúm og gefur þeim meiri tíma til þess að undirbúa sig með réttum hætti fyrir komandi breytingarnar (Van den Berg, 2019).

7 Lokaorð

Farið hefur verið í umfjöllun um alþjóðlega reikningskilastaðla og markmið IASB með stöðlunum. Greint hefur verið frá helstu efnisatriði IFRS 17 og hlutverki staðalsins. Eftir það var greint frá baksögu verkefnisins, mikilvægi þess að skipta út IFRS 4 og að lokum hvernig hefur gengið að setja dagsetningu á upptökufrest staðalsins.

Markmiðið með þessari ritgerð var útskýra áhrif IFRS 17 nægilega vel til þess að lesendur geri sér grein fyrir því hvað þetta verður mikil breyting út frá eldri reikningskilastaðlinum, IFRS 4.

Það er búið að vera áhugavert að sjá hvað verkefnið hefur verið lengi í undirbúningi ásamt því hvað innleiðingartíminn hefur verið óvenjulega langur miðað við aðra reikningskilastaðla. Þar sem innleiðingin mun reynast erfið mörg fyrirtæki er skiljanlegt að IASB sé að gefa öllum félögum svigrúmið sem þeir þurfa.

Heimildaskrá

- Deloitte. (e.d.a). *IASB due process*. Sótt af <https://www.iasplus.com/en/resources/ifrsf/due-process/iasb-due-process>
- Deloitte. (e.d.b). *Iceland*. Sótt af <https://www.iasplus.com/en/jurisdictions/europe/iceland>
- Deloitte. (e.d.c). *IFRS 4 – Insurance Contracts*. Sótt af <https://www.iasplus.com/en/standards/ifrs/ifrs4>
- IASB. (2017a). *IFRS 17 – Insurance Contracts*. London: International Accounting Standards Board.
- IASB. (2017b). *Basis for conclusion on IFRS 17 insurance contracts*. London: International Accounting Standards Board.
- IFRS. (2017a). *Effect analysis*. Sótt af <https://cdn.ifrs.org/-/media/project/insurance-contracts/ifrs-standard/ifrs-17-effects-analysis.pdf?la=en>
- IFRS. (2017b). *Why change insurance contracts accounting?*. Sótt af <http://archive.ifrs.org/Current-Projects/IASB-Projects/Insurance-Contracts/Documents/Webinar/9-Why-change-insurance-contracts-accounting.pdf>
- IFRS. (2020). *IASB decides on new effective date for IFRS 17 of 1 January 2023*. Sótt af <https://www.ifrs.org/news-and-events/2020/03/ifrs-17-effective-date/>
- IFRS. (e.d.). *Who we are*. Sótt af <https://www.ifrs.org/about-us/who-we-are/>
- KPMG. (2017). *First Impressions: IFRS 17 Insurance Contracts*. Sótt af <https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/xx/pdf/2017/07/ifrs17-first-impressions-2017.pdf>
- Pieterse, E., & Dixon, G. (2019). PROPOSED DEFERRAL OF IFRS 17. *Accountancy SA*, 44-45. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/2189567968?accountid=28822>
- Reglugerð evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002.
- Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (II) (nr. 181/2006).
- Van den Berg, D. (2019). IFRS 17 WHERE ARE YOU? *Accountancy SA*, 52-53. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/2239575154?accountid=28822>